

Umhverfisstofnun
Suðurlandsbraut 24
108 REYKJAVÍK

Garðabær, 16. febrúar 2024
Málsnúmer: 202402-0036
SS

Efni: Umsögn um umsókn RARIK um leyfi til framkvæmda innan verndarsvæðisins Mývatns og Laxár.

Vísað er í tölvubréf frá Umhverfisstofnun, dags. 9. febrúar 2024, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsókn RARIK, dags. 8. janúar 2024, um leyfi til framkvæmda innan verndarsvæðisins Mývatns og Laxár. Um er að ræða lagningu jarðstrengs í Laxárdal og tengingu yfir í Reykjadal. Um þrjá aðskilda leggi er að ræða sem samtals eru um 25 km á lengd þó ekki komi fram nákvæm lengd jarðstrengsins heldur einungis lengd á þeim loftlínum sem þeim er ætlað að leysa af hólmi.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér framkvæmdina sem er umfangsmikil og gerir stofnunin athugasemd við að hafa ekki fengið lengri tíma til að vinna umsögn um málið.

Athygli vekur að samkvæmt umsókn RARIK var ekki óskað eftir álitum Skipulagsstofnunar á hvort framkvæmdin á lagningu jarðstrengjanna væri matsskyld. Samt er augljóst að framkvæmdin tilheyrir flokki 10.16 í 1. viðauka laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana en í þeim flokki tilheyra m.a. framkvæmdir sem svo er lýst. „Lagning strengja í jörð, vatn eða sjó sem eru a.m.k. 10 km og utan þéttbýlis, einnig styttri en 10 km ef staðsettir á verndarsvæðum utan þéttbýlis.” Framkvæmdir í flokki 10.16 ber að tilkynna til Skipulagsstofnunar þar sem þær kunna að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og leggja þarf mat á það. Mjög óeðlilegt er að svo hafi ekki verið gert, sérstaklega því um framkvæmd sem er að hluta innan verndarsvæða er að ræða.

Náttúrufræðistofnun telur að ekki eigi að veita leyfi fyrir framkvæmdinni fyrr en staðfest hefur verið að framkvæmdin sé ekki matsskyld. Til þess að geta lagt mat á það þarf að veita mun betri gögn um framkvæmdina og möguleg umhverfisáhrif hennar en þær upplýsingar sem er að finna í þeirri greinargerð sem fylgir umsókninni til Umhverfisstofnunar.

Þar sem framkvæmdin liggur að hluta innan verndarsvæðis Mývatns og Laxár verður að leggja mat á hvernig áhrif hennar verða á lífríki Laxár í þessu tilfalli, ekki síst þar sem jarðstrengurinn mun þvera ána á nokkrum stöðum m.a. á einum stað í röri. Lýsing á hvernig áhrif hennar munu fara fram og hvaða aðgerðir verði farið í til að tryggja að engin neikvæð áhrif verði á lífríki árinna þarf að vera mun ítarlegri. Ekki kemur fram hvort Fiskistofa hafi veitt leyfi fyrir framkvæmdinni eða hvort Hafrannsóknarstofnun hafi veitt umsögn.

Greina þarf hvaða rask verður á gróðri vegna plægingar á strengnum og meta hvort lega strengsins sé um vistgerðir með hátt verndargildi. Til þess þarf að tilgreina betur upplýsingar um gróðurfur svæðisins ekki síst á svæði sem er á náttúruinjakrá og/eða innan verndarsvæðis Mývatns og Laxár. Við könnun á gróðurkortum sést að þó víða liggja strengurinn gegnum ræktað land þá fer hann að hluta um lítt snortið gróðurlendi, t.d. tengingin yfir í Reykjadal virðist fara



miðað við kortið (sem er ekki mjög nákvæmt) yfir óraskað mólendi og í gegnum og í jöðrum votlendis sem fellur undir 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 um sérstaka verndun vistkerfa og minja.

Einnig þarf að meta hver áhrif framkvæmdarinnar á fuglalíf geta orðið. Þær gætu verið í senn jákvæðar þar sem að fjarlægja loftlínu mun minnka líkur á áflugi fugla en plæging jarðstrengsins gæti raskað búsvæðum fugla, í það minnsta tímabundið. Skoða þarf einnig hvort einhverjar jarðminjar verði fyrir raski.

Náttúrufræðistofnun telur að veita þurfi mun betri upplýsingar um framkvæmdina og leggja betra mat á umhverfisáhrif hennar, bíða eftir leyfi Fiskistofu um áhrif þverunar Laxár, og eins og áður kom fram að send sé fyrirspurn um matsskyldu til Skipulagsstofnunar, áður en Umhverfisstofnun veitir leyfi fyrir framkvæmdir innan verndarsvæðis Mývatns og Laxár.

Virðingarfyllt,



Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs